

63

31. maí

13. gr.

Ekki má selja fiskimjöl til fódurs á innlendum markaði, sem hefur undir 50% af hráeggjahvítu. Fiskimjöl, sem hefur 60% af hráeggjahvítu og þar yfir, er heimilt að selja í ákveðnum flokki. Landbúnaðarráðherra getur, eftir umsóknum frá framleiðendum og að fengnum tillögum landbúnaðardeildar, leyft þeim að selja þetta mjöl allt að 10% hærra verði en annað fiskimjöl. Fiskimjöl þetta skal greinilega merkt eftir fyrirmælum landbúnaðardeildar, er það háð eftirliti á sama hátt og fódurblöndur, og skulu framleiðendur þess greiða af því jafnhátt gjald til eftirlitssjóðs og greitt er af fódurblöndum samkvæmt 5. gr.

14. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlzt gildi, falla niður þau ákvæði laga nr. 28 frá 27. júní 1921, er varða verzlun með kjarnfóður, og lög nr. 41 frá 12. júní 1939.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

64

31. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

HANDIAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar.

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í B-lið 2. gr. laganna bætist í stafrófsröð:

a. Borðeyri.

b. Óspakseyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.